

Stóra ferð Flakkara 2005

Miðvikudagurinn 6. júlí

Jæja þá er nú sumarfríð mitt loksins að byrja og við stefnum á honum Nanna okkar austur á firði en landsmót harmonikuunnenda er að þessu sinni haldið á Neskaupstað og svo í framhaldi af því suður um firði og í stóru ferð Flakkaranna.

Það er þungur skriður á bílnum enda er hann hlaðinn af birgðum venju fremur, hljóðfærin eru með eins og ævinlega og nestið – aðallega kökurnar sem konan mín bakaði af þessu tilefni. Mér er nær að halda að ekki hafi verið bakað meira fyrir jólin síðustu, - jú kannski. Meira að segja er jólaávaxtakakan með sem varð afgangs um jólin og hefur hvílt sig í frystinum síðan, bíður nú örlaga sinna í ferðinni. Vegna alls þessa eru brekkurnar í Víkurskarðinu óvenju brattar og erfiðar en allt hefst þetta nú einhvern veginn.

Ekkert heyrir frá ferðafélögum okkar á Öðlingi en þau ætluðu að leggja af stað um líkt leyti og við frá Árskógssandi og engin svarar kalli okkar í talstöðinni sem ég setti í bílinn af þessu tilefni. Þau hljóta að skila sér.

Við ætlum okkur að nota forskotið og stoppa um stund hjá vinafólki okkar í Mývatnssveit, enda gekk það eftir og við þáðum kaffi og meðdí. Svo litum við í jarðböðin í Bjarnarflagi en þar vinnur kunningi okkar sem ætlar líka að fara á landsmótið fyrir austan enda vel liðtækur á nikkuna eins og fleiri. Hann sýndi okkur staðinn svona til gamans en ekki fórum við ofaní að þessu sinni. Það verður að bíða betri tíma.



Í námaskarðinu heyrðist í ferðafélögunum í talstöðinni og var því haldið af stað austur yfir öræfin. Veðrið var bara ágætt, aðeins dropakast eftir stórrigningar sem voru nýafstaðnar og gegnið höfðu nærri

Jarðböðin

vegakerfinu á austurlandi með skriðuföllum og flóðum.

Hægviðri var eða nokkur meðbyr svo ferðin sóttist ágætlega og ekki stoppað fyrr en á tjaldstæðinu að Skipalæk í Fellum. Þar áttum við notalega nótt þrátt fyrir nokkra bleytu á tjaldstæðinu.



Fimmtudagurinn 7. júlí

Eftir morgunverkin og morgunverðinn voru húsbílarnir ræstir og farið í búðir á Egilsstöðum og keypt eitthvað smávegis. Þar hittum við fleiri Flakkara sem voru á sömu leið og við. Svo lá leiðin um

Að Skipalæk Fagradal og Reyðarfjörð en þar er víst verið að reisa álver. Við

stoppuðum um stund í tilefni af því. Þá tók við Eskifjörður og síðan snarbratt Oddsskarðið og var það sínu verra en Víkurskarðið en hafðist þótt hægt færi.

Þegar til Neskaupstaðar á fótboltavöllinn sem íþróttahúsinu en þar haldnir. Veðrið var stiga hiti og sól og við planinu hverfa eins og dökk fyrir sólu.



kom fórum við rakleiðis er við hliðina á voru tónleikarnir með afbrigðum gott, 22 sáum næstum pollana á

Álverið í Reyðarfirði
(eða er það ekki annars??)



Þarna erum við á fótboltavellinum við íþróttahúsið í Neskaupstað.

Fjöldi fólks var kominn á svæðið og lá vel á öllum enda ekki annað hægt eins og veðrið lék við okkur. Um kvöldið var svo mótið sett og í framhaldi af því voru svo tónleikar þar sem ýmsir harmonikuleikarar spiluðu bæði ungir og aldnir.

Föstudagurinn 8 júlí.

Heitt, heitt, heitt, inni í bílnum og lítið skárri úti. Sólin skein og velgdi okkur svo um munaði. Sænginni var sparkað til fóta en ekkert dugði. Maður varð að fara út til að kæla sig. Sólin skein án afláts í allan dag og hitinn var um 25 stig sem ég mældi með sérstökum hitamæli sem ég tók með í ferðina. Hvegi ský að sjá nema smá rönd eftir þotu sem hvarf fljótlega.



Besta veður í Neskaupsstað. Íþróttahúsið þar sem tónleikarnir voru sést yfir hægramegin.

Morguninn fór annars í að láta skipta um viftureim í bílnum en hún var farin að láta í sér heyra. Piltarnir á verkstæðinu voru fljótir að því og gef ég þeim bestu meðmæli.

Svo voru tónleikar og aftur tónleikar og af nógu að taka í þeim málum. Svo var ball um lágnættið. Margir komu í heimsókn og margt var um manninn og þetta var mjög gaman í alla staði.



Stemming útifyrir í veðurbliðunni.



Harmonikkuleikarar frá Akureyri

Laugardagurinn 9 júlí.

Sund í morgun og hjóltúr út í fólkvanginn við enda bæjarins. Svo var rölt í bæinn milli tónleika og litið á kaffihús og staldrað við á náttúrugripasafninu. Sama veðurbliðan, hægviðri og sólskin og austfjarðarpokan illræmda lét ekki sjá sig.



Sundlaugin á staðnum.



Ferðafélagar á Öðlingi á bæjarröltinu

Um kvöldið var svo 1000 manna ball og við þangað auðvitað. Það var fín skemmtun.

Sunnudagurinn 10 júlí.

Sólin skein í allan dag og við erum brunnin eftir hana. Hitinn var aftur um 25 stig og hægviðri og við vorum ekkert að flýta okkur í burtu þótt mótinu væri lokið. Að lokum fengum við nóg af mollunni og fórum suður yfir Oddskarðið og í svala innlögnina á Eskifirði.

Stoppuðum um stund á tjaldsvæðinu þar og nutum athyglisverðarar náttúrunnar þar sem birtist okkur í nokkuð óvenjulegri mynd, en það er önnur saga.

Fluttum okkur yfir á Reyðarfjörð og elduðum saltfisk á tjaldsvæðinu þar. Tilbreyting frá öllu grillinu undanfarið. Fleiri flakkara bar að og var spjallað um heima og geima í kvöldkyrrðinni eftir gönguferð í fjöruna. Við vorum í samfloti við Flakka 228 og var svo út alla ferðina að heita mátti.



Tjaldsvæðið á Eskifirði



.....og Reyðarfirði

Mánudagur 11 júlí.

Slappað af í dag, litið í nýju verslunarmiðstöðina á Reyðarfirði og fyllt á ísskápinn. Svo var farið í Bónus á Egilsstöðum svo nú er ísskápurinn fullur af kræsingum.

Ferðafélagarnir okkar áttu skyldfólk í Atlavíkinni svo við fórum þangað og vorum þar innan um hundruðir annara ferðalanga. Öll tjaldstæði fylltust og fólk sneri frá. Nú fór að rigna og það svakalega en vel fór um okkur í hlýjum húsbílum og það hlýtur að stytta upp fljótlega. Svo var horft á sjónvarpið í allt kvöld og sólarcellan sér okkur fyrir nægu rafmagni.



Nanni og Öðlingur í Atlavíkinni



Uppstyttu í Hallormsstaðaskógi.

Þriðjudagurinn 12 júlí.

Fagurt í Atlavíkinni í dag. Sólin braust fram úr skýjum og helkti sér yfir okkur í allan dag. Hitti ýmsa gamla kunningja í hópi gestanna í dag. Svo fórum við ásamt ferðafélögum okkar á Öðlingi í ökutúr inn í Fljótsdalinn og litum við í Valþjófsstað og skoðuðum kirkjuna á bænum. Einnig stoppuðum við í Végarði en þar er upplýsingamiðstöð Landsvirkjunar. Þarna var áberandi snyrtilegt um að litast og eiga heimamenn hrós skilið.



Litast um að Valbjófstað

Dóluðum svo niður í Atlavík og nutum veðurlíðunnar þar fram eftir degi. Fórum svo af stað undir kvöld og fórum Öxi til Djúpavogs og tókum náttstað á tjaldstæðinu þar. Þar er allt snyrtilegt og heimamönnum til mikils sóma. Hvað er svo betra að slappa af með kex og osta og rauðvín á síðkvöldi, - fullkomið.



Mannlíf á tjaldstæðinu á Djúpavogi



Börn og fullorðnir með flugdreka.

Miðvikudagur 13 júlí

Dagleiðin í dag eru heilir 103 km frá Djúpavogi til Hafnar í Hornafirði. Því var enginn asi á ferðinni og drollað á Djúpavogi fram eftir degi við göngutúra og búðarráp. Svo gekk ferðin vel eins og búast mátti við þrátt fyrir Þvottár – Hvalnesskriður og jarðgöng. Stoppað á tjaldstæðinu á Höfn og allt óhreint sett í Þvottavélina á staðnum svo nú er fataskápurinn aftur í lagi. Sólin sveik okkur ekki fremur en fyrri daginn. Hitinn var um 20 stig. Fleiri flakkarar fóru nú að sjást og var spjallað fram eftir á síðkvöldi.



Áningarstaður að Höfn í Hornafirði.



Steinunn konan mín í jöklasafninu á Höfn.

Fimmtudagurinn 14 júlí

Dólað á Höfn. Litið í búðir og söfn, eins og segir í textanum. Enn fleiri Flakkarar eru að bætast í hópinn og eru 15 bílar á þessum slóðum. Svo var haldið af stað og voru Flakkarar 194 – 113 og 228 í samfloti og höfðu talstöðvarsamband sín á milli. Litið við í Jökulsárlóninu en þar var óvenju mikill ísburður og óvenju tilkomumikið að sjá það.



Jökulsárlónið skartaði sínu fegursta.



Ferðafélagarnir á valdi jökulsins.

Stoppuðum um stund að Núpsstað og skoðuðum bænahúsið.



Bænahúsið

Svo tókum við náttstað að þessu sinni að Svínafelli í Öräfum en í Skaftafelli voru allir búnir að vera áður og gaman að breyta til. Í Svínafelli er gott að vera. Sléttar flatir ókeypis rafmagn snyrtilegt umhverfi og þessi fína sundlaug. Ekki skemmir notalegt viðmót gestgjafanna á staðnum. Fínt mál.



Séð heim að Svínafelli og Skaftafelli



Sundlaugin Flosalaug

Föstudagurinn 15 júlí.

Ferðalagið heldur áfram, ekið að Kirkjubæjarklaustri í glaða sól og blíðu. Stoppað víða til að taka myndir og njóta veðursins.



Orrustuhóll



Foss á Síðu



Ferðafélagarnir í

fallegu umhverfi.

Sest að á tjaldsvæðinu á Klaustri í sí stækkandi hópi Flakkara. Nokkrir regndropar duttu af himnum ofan en enginn kippti sér upp við það enda notalegt undir regntjaldinu á bílnum. Áttum notalega nótt ásamt ótrúlegum fjölda af ferðafólki með allskonar viðlegubúnað allt frá pínulitlum tjöldum upp í dýrustu húsbíla.



Að Kirjubæjarklaustri og ekki svíkur veðrið. Þarna var rétti hljómurinn fundinn.

Laugardagurinn 16 júlí.

Farið að Hrífunesi og áð á tjaldstæðinu þar. Þetta var fyrsta formlega kvöldið í stóru ferðinni að þessu sinni. Nú rigndi hann svo um munaði og ég varð að fá mér stígvél á Klaustri svo ég yrði ekki blautur í fæturna. Um kvöldið var fjör í fólkinu og var mikið sungið og spilað úti enda uppstyttu og veðrið bærilegt. Um nóttina komu svo brjálaðir norðmenn og gerðu okkur rúmrusk með hávaða og fyrigangi. Ljóta sendingin það.



Samhljómur í Hrífunesi.

Sunnudagurinn 17 júlí.

Uppstyttu og veðrið með ágætum. Haldið áfram eftir suðurlandinu og stoppað í Vík og farið í sund. Stoppað á nokkrum stöðum á leiðinni m.a. farið í átt að Þakgili, enn fermur að Seljavallalaug, nokkrir hellar skoðaðir í leiðinni. Besta veður.



Hluti leikmyndar Bjólfskviðu á leiðinni upp í Þakgil.



Við Seljavallalaug hina nýrri.

Í kvöld voru um 40 bílar komnir að félagsheimilinu Gunnarshólma en þar var stoppað að þessu sinni. Undir lágnættið var svo skemmtun inni þar sem við spiluðum um stund ásamt nokkrum öðrum hljóðfæraleikurum í félaginu og þetta gerði bara lukku.



Þúfnabandið (Mynd Eyrún F 113)



Flakkarar félag húsbílaeigenda við Gunnarshólma í Landeyjum.

Mánudagurinn 18 júlí.

Frjáls tími í dag. Tókum okkur saman nokkrir flakkarar og fórum smá hring um Landeyjarnar. Litum við á Bakkaflugvelli og fórum svo á Hvolsvöll í björtu verði og sól. Þar var farið í súpu og brauð. Tókum svo strikið austur Fljótshlíðina og áðum á stað sem heitir Kaffi Langbrók. Þar var öl fyrir þá sem ekki keyra og kaffi fyrir hina. Hjónin sem reka staðinn tóku okkur afskaplega vel og húsbóndinn kom með uppástungu: “Eigum við að fá okkur bíltúr.” Svo var öllum smalað saman upp á pallinn á gömlum hertrukk sem þar stóð í hlaði og farið í “herferð” á næstu bæi. Þar var svo herjað á norðmennina sem við töldum okkur eiga eitthvað sökótt við frá því í Hrífunesi, en þetta var nú bara til gamans gert. Hann Jón í Fljótshlíðinni fór svo með okkur í Skógræktina að Tumastöðum og sýndi

okkur umhverfið þar. Að lokum var svo leitað samninga við þau hjónin um smá greiða, en það kemur að því síðar.



“Herferðin” á trucknum hans Jóns.



Eyjafjallajökull í sólbaði.



Á svona dögum er jafnvel fallett í Landeyjum.

Að lokum var svo stoppað við minnismarki um Þorstein Erlingsson í Fljótshlíðinni áður en rennt var í hlað á Gunnarshólma öðru sinni. Í þessu teymi vorum við flakkarararnir á Nanna, enn fremur áhöfnin á Öðlingi, Dalakofanum, Trausta T, og enn fremur Guðmundur og Sissa.



Kaffi Langbrók.



“Herferðin” að Tumastöðum



Í skóginum að Tumastöðum



Í minningu skáldsins.

Priðjudagurinn 19 júlí.

Þórsmerkurferð í dag. Farið var á tveimur rútum og sólin skein sem aldrei fyrr. Staldráð við og litið aðeins á jökullónið. Litum inn í Stakkholtsgjá áður en við fórum yfir Krossána alræmdu. Löbbuðum svo um Langadal yfir í Húsadal, sem er um þriggja stundafjórðunga gangur og kom á óvart hversu sumir voru léttir á sér. Svo var slakað á í Húsadal um stund en þeir sprækustu fóru í gönguferðir í nærliggjandi helli og fjallatinda. Staldráð við hjá Seljalandsfossi í heimleiðinni enda veðrið afbragðs gott og fallett við fossinn sem aldrei fyrr.



Þegar veðrið er svona – verður maður að stoppa þó svo að maður hafi gert það oftsinnis áður.



Jökullónið í Þórsmörkinni.



Flakkarar í Stakkholtsgjá.

Eftir vel heppnaða Merkurferð veru húsbílarnir sóttir í Gunnarshólma og haldið í Árnes með viðkomu í sundlauginni að Hellu. Við erum steikt eftir sólina í dag.



Skyldi hún velta í Krossánni??



Fagurt er í Þórsmörkinni.



Við hellinn á leiðinni



Komið í Húsadal að gönguferðinni lokinni.

Miðvikudagurinn 20 júlí

Í dag var rútuferð í Landmannalaugar en við fórum ekki í þetta sinn. Höfðum komið þar oft áður. Hóuðum saman nokkrum flökkurum og héldum á eigin vegum upp í Þjórsárdal og beint í sund.



Sundlaugin í Þjórsárdal.

Þar var áhöfnin á Trausta T í fararbroddi enda þau hjónin kunnug á svæðinu. Eftir baðið var stoppað við fagran foss skammt frá og einnig við sögualdarbæinn og þar var snætt nesti. Svo lá leiðin upp með Þjórsánni og framhjá Hrauneyjarfossvirkjun og austur yfir brúna á ánni nokkru ofar. Þá var sveigt til hægri og niður með ánni og stefnan tekin á Hellu á Rangárvöllum. Þessi leið er ekki með bundnu slitlagi og rykið var mikið og ekki hreyfði vind svo rykmökkurinn lá yfir veginum og byrgði mönnum sýn. Nokkuð var malarvegurinn ósléttur og þurfti að raða sérstaklega í skápunum svo ekki glamraði. Nokkur töf var á þegar framhjólíð sprakk undir forystubílnum en það var hald manna að það hafi bara sprungið af monti yfir því að hafa forystuna. Þegar varahjólíð var komið undir fannst mönnum það snúast nokkuð hraðar en hitt svo ferðin jókst til muna og hurfu þau niður í sveit með stæl.



Bílalestin á leið til byggða.

Segir svo ekki af ferðum fyrr en á Hellu. Þar var litið í búðir því eitthvað þarf að vera til af vistum.

Rétt vestan við brúna við Hellu er bær sem heitir Ægissíða. Þar eru manngerðir hellar í túni gerðir af Pöpum fyrir margt löngu. Við vorum búin að gera boð á undan okkur um að fá að skoða hellana og var það auðsótt mál. Var vel tekið á móti okkur og okkur vísað á stærsta hellinn sem er skammt frá bænum. Þar stóðu reyndar yfir framkvæmdir á vegum ferðamálayfirvalda og var ferðamálafulltrúi sýslunnar einmitt staddur í hellinum þegar okkur bar að. Hélt hann skammtilegan fyrirlestur um hellana og var þetta mjög svo óvænt og gaman. Viðgerðir stóðu yfir á forskála hellisins en þar höfðu orðið nokkrar skemmdir í suðurlandsskjálftanum um árið. Einnig litum við inn í minni helli við brúarsporðinn og er hann ekki síður merkilegur en sá stóri.



Í Ægissíðuhelli

Svo var heimferð í loftköstum og kominn tími til að grilla í Árnesi. Svólítið var spilað og sungið um kvöldið. Góður dagur.

Fimmtudagur 21 júlí.

Sól í dag. Haldið kyrru fyrir og notið veðurbliðunnar. Hitinn var yfir 20 stig. Lokahófið var í kvöld, fín veisla. Eftir borðhaldið og skemmtun sá Hjónabandið um tónlistina en það er einmitt hljómsveitin úr Fljótshlíðinni sem við föluðum á dögnum að spila fyrir okkur. Mjög góð hljómsveit. Svo á eftir spiluðum við í Þúfnabandinu fyrir dansi fram eftir nóttu.

Föstudagurinn 22 júlí

Meiri sól, glaðasólskin. Ég er orðinn dekkri á hörund en kleinurnar sem hún Dagný dóttir okkar færði okkur (og gleymdust í frystinum) en hún kom að norðan í gær með öðrum öðrum flökkurum.

Fórum af stað með trega og héldum upp í Flúðir en dóttir okkar er á leiðinni með varahluti í bílinn okkar en vatnsdælan var farin að láta í sér heyra svona framan af í ferðinni. Svo lagaðist það aftur af sjálfu sér og kannski þarf ekki að gera við hana fyrr en eftir heimkomuna. Fengum

stæði á Flúðum á besta stað og létum fara vel um okkur í góða veðrinu. Fórum í göngutúra og hjóltúra og sund (Dagný) og nutum lífsins.



Flúðir og nágrenni í sumarsól.

Þegar ró átti að vera komin á um miðnættið byrjaði einhver stuðhljómsveit að spila á nærliggjandi krá svo hávaðinn ætlaði alla að æra og lítið var um svefn framan af nóttu. Þetta var svolítið grátbroslegt því að tjaldverðir sussuðu á þá sem eitthvað heyrðist í inni á staðinu þó ekki hafi það nú verið hátt í samanburði við rokkgengið á kránni.

Laugardagur 23 júlí

Enn meiri sól á suðurlandi. Ekki vissi ég að þetta gæti gerst en oftar en ekki hefur rignt stöðuvötnum þegar maður hefur ferðast um þennan landshluta. Hitinn er 25 stig mælt á iðnaðarmannamælinn minn. Ekkert að gera í stöðunni nema stríplast í sólinni ásamt fjölda annara sóldýrkenda. Undir kvöldið dóluðum við af stað til Reykjavíkur að heimsækja aðra dóttur okkar og fjölskyldu sem þar býr. Ekki síst litlu dótturdóttur okkar sem er 5 mánaða um þessar mundir. Þar þáðum við góðgjörðir og gistingu og sváfum í rúmi í fyrsta sinn í marga daga. Bara notalegt.

Sunnudagur 24 júlí.

Súld í Reykjavík og við af stað norður á bóginn í hveli. Í Borgarnesi var komin sól og blíða. Renndum til baka aftur yfir Borgarfjarðarbrúna og inn gamla Borgarfjarðarveginn og stoppuðum í Fossatúni hjá honum Steinari Berg. Þar er frábært að vera enda mikið búið að gera fyrir ferðamanninn. Segja myndir þar meira en mörg orð. Nokkrir Flakkarar komu einnig þar að á leið norður úr stóru ferðinni og áttum við þar skemmtilegt kvöld í góðra vina hópi.



Fossatún.

Mánudagurinn 25 júlí

Heimferð í dag og komum við heim til Akureyrar undir kvöld eftir afburða gott og skemmtilegt ferðalag. Við viljum koma fram þakklæti til allra skemmtilegu ferðafélaganna fyrir samfylgdina og allar skemmtilegu samverustundirnar í ferðinni en þessarar ferðar munum við minnst með sérstakri ánægju í framtíðinni. Það má með góðu móti lifa á þessu alveg til næst vors ef því er að skifta. Góða ferð og lífið heil.

Áhöfnin á Nanna. F 194